

STJÓRNARTÍÐINDI B 28 – 2000

2. mars 2000

351

Nr. 127

REGLUGERÐ

um sameiningu heilbrigðisstofnana.

1. gr.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra hefur ákveðið að sameina Ríkisspítala og Sjúkrahús Reykjavíkur undir nafninu Landspítali, háskólasjúkrahús.

2. gr.

Stjórnarnefnd ríkisspítala sem skipuð er samkvæmt 1. málsgrein 30. gr. laga um heilbrigðisþjónustu nr. 97/1990 skal vera stjórn hins sameinaða sjúkrahúss.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 2. másl. 2. málsg. 24. gr. laga nr. 97/1990 um heilbrigðisþjónustu og öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 2. mars 2000.

Ingibjörg Pálmadóttir.

Guðríður Þorsteinsdóttir.